

Hitaveita Suðurnesja hf.

**Samandreginn
árshlutareikningur
1. janúar til 30. júní 2007**

Hitaveita Suðurnesja hf.
Brekustíg 36
260 Reykjanesbær

Kt. 680475-0169

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjórnar	3	Eiginfjáryfirlit	7
Könnunaráritun óháðra endurskoðenda	4	Sjóðstreymisyfirlit	8
Rekstrarreikningur	5	Skýringar	9
Efnahagsreikningur	6		

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjórnar

Árshlutareikningur Hitaveitu Suðurnesja hf., sem er samandreginn, er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, og er þetta er í fyrsta sinn sem félagið gerir reikningsskil sín með þeim hætti. Ársreikningar félagsins á undanförunum árum hafa verið gerðir í samræmi við lög um ársreikninga og íslenskar reikningsskilavenjur. Heildaráhrif breyttra reglna á eigin fé félagsins eru þau að bókfært eigið fé í ársbyrjun 2007 hækkar um 2.192 millj. kr. eða úr 15.695 millj. kr. í 17.887 millj. kr. Áhrif breyttra reglna á hagnað ársins 2006, sem nam 2.344 millj. kr. samkvæmt íslenskum reikningsskilareglum, eru þau að hagnaðurinn hækkar í 3.571 millj. kr. Í skýringum reikningsins er gerð nánari grein fyrir þeim áhrifum sem upptaka staðlanna hefur á reikningsskil félagsins.

Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur félagsins 3.412 millj. kr. á tímabilinu og hagnaður þess var 2.720 millj. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir félagsins 35.867 millj. kr. Eigið fé í lok júní 2007 nam 20.207 millj. kr. eða 56% af heildarfjármagni. Þetta hlutfall var 54% í ársbyrjun.

Þann 3. ágúst 2007 seldi félagið raforkuflutningsvirki til Landsnets hf. fyrir 1.460 millj. kr. Söluhagnaður nam 505 millj. kr.

Stjórn og framkvæmdastjórn Hitaveitu Suðurnesja hf. staðfesta hér með árshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2007 með undirritun sinni.

Njarðvík, 31. ágúst 2007.

Í stjórn:

Árni Sigfússon

Ásgeir Margeirsson

Björk Guðjónsdóttir

Guðbrandur Einarsson

Gunnar Svavarsson

Jón Sigurðsson

Jóna Lárusdóttir

Forstjóri:

Júlíus Jónsson

Aðstoðarforstjóri:

Albert Albertsson

Könnunaráritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar Hitaveitu Suðurnesja hf.

Inngangur

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn árs hlutareikning Hitaveitu Suðurnesja hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2007. Árs hlutareikningurinn, sem veitir í ýmsum atriðum minni upplýsingar en ársreikningur, hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Stjórnendur félagsins eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu árs hlutareikningsins í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34 um árs hlutareikninga. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árs hlutareikninginn og er byggð á könnuninni.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árs hlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins, ásamt greiningum á hinum ýmsum liðum árs hlutareikningsins og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Endurskoðunarálit er því ekki látið í ljós.

Könnun okkar náði einnig til þeirra breytinga sem gerðar voru á efnahagsreikningi félagsins í tengslum við innleiðingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla. Eins og fram kemur í árs hlutareikningum kunna fjárhæðir að breytast, meðal annars vegnar þess að reikningsskilin eiga að taka mið af stöðlunum eins og þeir verða í lok reikningsársins og breytingar á þeim kunna því að hafa áhrif.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að árs hlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á tímabilinu, efnahag þess 30. júní 2007 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34 um árs hlutareikninga.

Njarðvík, 31. ágúst 2007.

KPMG hf.

Sæmundur Valdimarsson

Kristrún H. Ingólfssdóttir

Rekstrarreikningur 1. janúar til 30. júní 2007

	Skýr.	2007 1.1.-30.6.	2006 1.1.-30.6.
Rekstrartekjur	5	3.411.841	2.669.994
Framleiðslukostnaður og kostnaðarverð sölu		(2.106.276)	(1.423.195)
Vergur hagnaður		1.305.565	1.246.799
Aðrar tekjur	5,6	636.029	12.436
Annar rekstrarkostnaður		(257.256)	(214.586)
Rekstrarhagnaður af eigin starfsemi		1.684.338	1.044.649
Fjármunatekjur		1.794.629	1.967.899
Fjármagnsgjöld		(213.193)	(1.534.408)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals	8	1.581.436	433.491
Áhrif hlutdeildarféлага		10.979	(102.123)
Hagnaður fyrir tekjuskatt		3.276.753	1.376.017
Tekjuskattur við upphaf skattskyldu		0	1.243.991
Tekjuskattur	9	(557.023)	(251.992)
Hagnaður tímabilsins		2.719.730	2.368.016
Hagnaður á hlut:			
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut		0,36	0,32

Skýringar á blaðsíðum 9 til 26 eru óaðskiljanlegur hluti árs hlutareikningsins

Efnahagsreikningur 30. júní 2007

	Skýr.	30.6.2007	31.12.2006
Eignir			
Rekstrarfjármunir	10	26.776.556	25.556.400
Rekstrarfjármunir í byggingu	10	2.666.731	854.603
Óefnislegar eignir	11	933.821	920.616
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum	12	558.776	379.166
Eignarhlutir í öðrum félögum		69.235	26.098
Skatteign		189.473	748.906
Fastafjármunir samtals		31.194.592	28.485.789
Birgðir		401.549	397.685
Viðskiptakröfur		750.705	994.203
Aðrar skammtímakröfur		343.084	127.331
Afleiðusamningar	15	2.980.777	2.830.888
Handbært fé		196.537	55.956
Veltufjármunir samtals		4.672.652	4.406.063
Eignir samtals		35.867.244	32.891.852
Eigið fé			
Hlutfé		7.454.816	7.454.816
Lögbundinn varasjóður		1.863.704	1.863.704
Óráðstafað eigið fé		10.888.533	8.568.803
Eigið fé samtals		20.207.053	17.887.323
Skuldir			
Vaxtaberandi skuldir	13	11.057.110	12.105.699
Lífeyrisskuldbinding	14	1.029.139	1.016.017
Langtímaskuldir samtals		12.086.249	13.121.716
Vaxtaberandi skuldir	13	1.053.270	459.166
Viðskiptaskuldir		1.913.731	808.284
Aðrar skammtímaskuldir		606.941	615.363
Skammtímaskuldir samtals		3.573.942	1.882.813
Skuldir samtals		15.660.191	15.004.529
Eigið fé og skuldir samtals		35.867.244	32.891.852

Skýringar á blaðsíðum 9 til 26 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins

Eiginfjáryfirlit 30. júní 2007

	Hlutafé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
1. janúar til 30. júní 2006				
Eigið fé 31. desember 2005	7.454.816	1.749.844	4.566.591	13.771.251
Breytingar vegna upptöku IFRS	0	0	965.012	965.012
Eigið fé 1. janúar 2006, IFRS	7.454.816	1.749.844	5.531.603	14.736.263
Hagnaður tímabilsins			2.368.016	2.368.016
Úthlutaður arður			(420.000)	(420.000)
Eigið fé 30. júní 2006	7.454.816	1.749.844	7.479.619	16.684.279
1. janúar til 30. júní 2007				
Eigið fé 31. desember 2006	7.454.816	1.863.704	6.376.498	15.695.018
Breytingar vegna upptöku IFRS			2.192.305	2.192.305
Eigið fé 1. janúar 2007, IFRS	7.454.816	1.863.704	8.568.803	17.887.323
Hagnaður tímabilsins			2.719.730	2.719.730
Úthlutaður arður			(400.000)	(400.000)
Eigið fé 30. júní 2007	7.454.816	1.863.704	10.888.533	20.207.053

Skýringar á blaðsíðum 9 til 26 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins

Sjóðstreymisyfirlit 1. janúar til 30. júní 2007

	Skýr.	2007	2006
		1.1.-30.6	1.1.-30.6
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður tímabilsins		2.719.730	2.368.016
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Söluþap (söluhagnaður) eigna		0	(12.436)
Lífeyrisskuldbinding		13.122	0
Afskriftir		626.486	395.474
Áhrif hlutdeildarféлага	(10.979)	102.123
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(1.581.436)	(433.491)
Tekjuskattur		557.023	(991.999)
Birgðir, hækkun	(3.864)	(68.560)
Skammtímakröfur, lækkun		27.745	295.461
Skammtímaskuldir, lækkun	(428.809)	(244.952)
Handbært fé fyrir vexti og skatta		1.919.018	1.409.636
Innheimtar vaxtatekjur		9.071	19.774
Greidd vaxtagjöld	(233.466)	(349.180)
Handbært fé frá rekstri		1.694.623	1.080.230
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	(1.837.018)	(3.446.031)
Fjárfesting í orkuveri í byggingu	(653.071)	(138.018)
Fjárfesting í óefnislegum eignum	(22.830)	(355.489)
Söluverð seldra rekstrarfjármuna		0	41.440
Fjárfesting í hlutdeildarfélagum	(166.222)	0
Fjárfesting í öðrum félögum	(43.137)	(96.555)
Fjárfestingarhreyfingar	(2.722.278)	(3.994.653)
Fjármögnunarhreyfingar			
Tekin ný langtímalán		673.890	2.996.451
Afborganir langtímalána	(250.923)	(229.187)
Skammtímalán, hækkun		745.269	0
Fjármögnunarhreyfingar		1.168.236	2.767.264
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		140.581	(147.159)
Handbært fé í ársbyrjun		55.956	476.006
Handbært fé í lok tímabilsins		196.537	328.847
Fjárfestingar og fjármögnun án greiðsluáhrifa:			
Úthlutaður arður til hluthafa	(400.000)	(420.000)
Fjárfesting í orkuveri í byggingu	(1.159.057)	0
Skammtímaskuldir		1.559.057	420.000

Skýringar á blaðsíðum 9 til 26 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins

Skýringar

1. Félagið

Hitaveita Suðurnesja hf. ("félagið") er með starfstöðvar sínar á Íslandi og er lögheimili þess að Brekkustíg 36 í Reykjanesbæ. Félagið annast framleiðslu og sölu til neytenda á heitu vatni og raforku, ferskvatnsöflun fyrir íbúa Suðurnesja og Vestmannaeyja, auk þess að selja jarðgufu til iðnaðar.

Stjórn félagsins heimilaði birtingu árs hlutareikningsins 31. ágúst 2007.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

a. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Samandreginn árs hlutareikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árs hlutareikninga, IAS 34. Þetta er fyrsti árs hlutareikningur félagsins samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum og nær yfir hluta af því tímabili sem fyrsti ársreikningur félagsins samkvæmt stöðlunum mun ná yfir. Yfirfærslan er í samræmi við IFRS 1, staðal sem fjallar um innleiðingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla. Samandreginn árs hlutareikningur inniheldur allar nauðsynlegar upplýsingar um afkomu félagsins og fjárhagsstöðu, en ekki allar þær upplýsingar sem birtar eru í ársreikningi.

Upplýsingar um áhrif innleiðingar alþjóðlegra reikningsskilastaðlanna á fjárhagsstöðu félagsins og afkomu er að finna í skýringu 19. Í skýringunni eru sýndar breytingar á samanburðarfjárhæðum rekstrarreiknings, efnahagsreiknings og eigin fjár eins og þær voru birtar samkvæmt íslenskum reikningsskilaaðferðum fyrir árið 2006 og eins og þær birtast samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum.

b. Matsaðferðir

Reikningsskil félagsins byggja á upphaflegu kostnaðarverði, að því undanskildu að afleiðusamningar og eignarhlutir í öðrum félögum eru færðir á gangvirði.

c. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Árs hlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

d. Mat og áætlanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Gerð árs hlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess af stjórnendum að þeir áætli, leggi mat á og dragi ályktanir sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Raunverulegar niðurstöður kunna að víkja frá þessu mati.

Mat stjórnenda og undirliggjandi forsendur eru í sífelldri endurskoðun. Ef breytingar eru gerðar á reikningshaldslegu mati eru þær færðar á því tímabili sem matið er endurskoðað, auk síðari tímabila sem breytingin hefur áhrif á.

Upplýsingar um atriði sem máli skipta varðandi óvissu í mati og mikilvægi við beitingu reikningsskilaaðferða sem hafa þýðingarmikil áhrif á birtar fjárhæðir í ársreikningnum er lýst í eftirfarandi skýringum:

- skýring nr. 14 - lífeyrisskuldbinding
- skýring nr. 15 - afleiður

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í árs hlutareikningnum og jafnframt við gerð opnunarefnahagsreiknings 1. janúar 2006 vegna upptöku alþjóðlegra reikningsskilastaðla.

a. *Hlutdeildarfélög*

Hlutdeildarfélög eru þau félög þar sem félagið hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, en ekki yfirráð. Árs hlutareikningurinn inniheldur hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga, í samræmi við hlutdeildaraðferð, frá upphafi áhrifa til loka þeirra. Verði hlutdeild félagsins í tapi meiri en bókfært verð hlutdeildarfélags er bókfærða verðið fært í núll og færslu frekara taps er hætt nema félagið hafi gengist í ábyrgðir fyrir hlutdeildarfélagið eða fjármagnað það.

b. *Erlendir gjaldmiðlar*

(i) *Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum*

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi uppgjörsdags. Ópeningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum sem metnar eru á gangvirði eru uppreiknaðar á gengi erlenda gjaldmiðilsins þegar gangvirðið var metið. Gengismunur vegna þýðingar er færður í rekstrarreikning.

c. *Fjármálagerningar*

(i) *Fjármálagerningar sem ekki eru afleiður*

Fjármálagerningar sem ekki teljast afleiður samanstanda af fjárfestingum í hlutabréfum, viðskiptakröfum, öðrum kröfum, handbæru fé, lántökum og viðskiptaskuldum og öðrum skuldum.

Fjármálagerningar sem ekki eru afleiður eru í upphafi færðir á gangvirði. Fjármálagerningar, sem ekki eru metnir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, eru metnir á gangvirði, auk beins viðskiptakostnaðar, með þeim undantekningum sem fram koma hér á eftir. Eftir upphaflega skráningu eru fjármálagerningar sem ekki teljast afleiðusamningar færðir með eftirfarandi hætti.

Fjármálagerningur er færður þegar félagið verður aðili að gurningnum. Fjáreignir eru færðar úr bókum félagsins ef réttindi þess til greiðsluflæðis fjáreignarinnar rennur út eða ef félagið flytur eignina til annars aðila án þess að halda yfirráðum hennar lengur. Viðskipti með fjáreignir eru færð í bækur á viðskiptadegi, þ.e. á þeim degi þegar félagið skuldbindur sig til þess að kaupa eða selja eignina. Fjárskuldir eru færðar úr bókum félagsins ef skyldur þess samkvæmt samningi renna út, eru felldar niður eða félagið er leyst undan skuldbindingum sínum.

Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnistæðum.

Í skýringu 3(m) er gerð grein fyrir færslu fjármunatekna og fjármagnsgjalda.

Fjáreignir færðar á gangvirði gegnum rekstrarreikning

Fjármálagerningur er flokkaður á gangvirði gegnum rekstrarreikning ef hann er til sölu eða ef hann er tilgreindur sem slíkur við upphafs færslu. Fjármálagerningar eru tilgreindir á gangvirði gegnum rekstrarreikning ef félagið á viðskipti með slíkar fjárfestingar og tekur kaup- og söluákvæðanir byggðar á gangvirði þeirra. Við fyrstu skráningu er viðskiptakostnaður vegna gervinganna færður í rekstrarreikning. Fjármálagerningar sem tilgreindir eru á gangvirði gegnum rekstrarreikning eru færðir á gangvirði í efnahagsreikningi og allar gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning.

Skýringar, frh.:

3. Mikilvægar reikningskilaaðferðir, frh.

c. *Fjármálagerningar, frh.*

Aðrir fjármálagerningar

Aðrir fjármálagerningar, sem ekki teljast afleiður, eru metnir á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti, að frádreginni virðisrýrnun.

(ii) Afleiður

Innbyggðar afleiður eru aðskildar frá grunnsamningum og færðar sérstaklega ef efnahagsleg einkenni og áhætta grunnsamningsins og innbyggðu afleiðunnar eru ekki nátengd og annar gerningur með sömu ákvæði og innbyggða afleiðan væri skilgreindur sem afleiða og blandaði gerningurinn er ekki metinn á gangvirði gegnum rekstrarreikning.

Við upphaflega skráningu eru afleiður færðar á gangvirði. Viðskiptakostnaður þeim tengdur er færður í rekstrarreikning þegar hann fellur til. Eftir upphaflega skráningu eru afleiður færðar á gangvirði og gangvirðisbreytingar færðar í rekstrarreikning.

Efnahagslegar varnir

Félagið notar afleiðusamninga til að takmarka vaxtaáhættu. Áhættuvarnareikningskilum er ekki beitt. Gangvirðisbreytingar af slíkum afleiðum eru færðar í gegnum rekstrarreikning.

Aðskildar innbyggðar afleiður

Gangvirðisbreytingar aðskildra innbyggðra afleiða eru færðar í rekstrarreikning þegar gangvirðisbreytingin á sér stað.

(iii) Hlutfé

Almennt hlutfé

Kostnaður við útgáfu hlutfjár er færður til lækkunar á eigin fé.

Endurkaup á hlutfé

Þegar hlutir sem flokkaðir eru sem eigið fé eru keyptir er fjárhæð kaupverðsins, að meðtöldum beinum kostnaði, færð til lækkunar á eigin fé.

d. *Varanlegir rekstrarfjármunir*

(i) Færsla og mat

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

Beinn kostnaður við öflun varanlegra rekstrarfjármuna er innifalinn í kostnaðarverði. Kostnaður við varanlega rekstrarfjármuni sem félagið byggir sjálf innifelur efniskostnað, beinan launakostnað og allan annan kostnað sem kemur eigninni í tekjuaflandi ástand. Keyptur hugbúnaður sem er óaðskiljanlegur hluti af virkni tækja er eignfærður sem hluti af því tæki.

Þegar hlutar varanlegra rekstrarfjármuna hafa mismunandi nýtingartíma, eru þeir færðir til eignar hver í sínu lagi, líkt og um aðgreinda rekstrarfjármuni væri að ræða.

Skýringar, frh.:

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

d. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.

(ii) Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður sem fellur til vegna endurnýjunar á hluta varanlegra rekstrarfjármuna er eignfærður sem varanlegur rekstrarfjármunur þegar hann fellur til, ef líklegt er að framtíðarhagnaður sem felst í eigninni muni renna til félagsins og hægt er að meta kostnað við hlutinn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi sem gjöld þegar til hans er stofnað.

(iii) Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta varanlegra rekstrarfjármuna og færðar í rekstrarreikninginn. Land er ekki afskrifað. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Orkuver	10-50 ár
Rafveitukerfi	5-30 ár
Hitaveitu- og ferskvatnskerfi	7-20 ár
Aðrir rekstrarfjármunir	5-50 ár

Afskriftaaðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurskoðuð árlega.

e. Óefnislegar eignir

(i) Rannsóknar- og þróunarkostnaður

Kostnaður vegna rannsókna sem gerðar eru í þeim tilgangi að að kanna jarðhitasvæði þar sem óvissa ríkir um nýtingarmöguleika og til að afla nýrrar vísinda- eða tækniþekkingar er færður beint í rekstrarreikning.

Þróun felur í sér könnun á jarðhitasvæðum þar sem líkur eru á nýtingu og virkjun í framtíðinni ásamt áætlun eða hönnun því tengdu. Þróunarkostnaður er aðeins eignfærður ef líkur eru á hagrænum ábata í framtíðinni og félagið ætlar sér og hefur getu til að ljúka þróuninni og nýta eða selja virkjunina. Eignfærður kostnaður samanstendur af efniskostnaði, beinum launakostnaði og rekstrarkostnaði sem hægt er að rekja beint til þess sem í þróun er. Annar þróunarkostnaður er gjaldfærður þegar hann fellur til.

Þegar ákvörðun um virkjun hefur verið tekin og öll tilskilin leyfi hafa fengist, er undirbúningskostnaður vegna virkjunar eignfærður meðal varanlegra rekstrarfjármuna sem orkuver í byggingu.

Eignfærður þróunarkostnaður er metinn á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

(ii) Aðrar óefnislegar eignir

Aðrar óefnislegar eignir eru metnar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Vatnsréttindi eru færð til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði sem óefnislegar eignir með ótakmarkaðan líftíma þegar kaup á réttindunum eru aðgreinanleg frá kaupum á landi.

(iii) Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður sem fellur til síðar er aðeins eignfærður ef hann eykur væntan framtíðarávinning þeirrar eignar sem hann tengist. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann fellur til.

Skýringar, frh.:

3. Mikilvægar reikningskilaaðferðir, frh.

e. Óefnislegar eignir, frh.

(iv) Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma óefnislegra eigna frá þeim degi sem þær eru nýtanlegar. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Hugbúnaður 5-10 ár

f. Leigusamningar

Leigusamningar teljast til rekstrarleigusamninga og eru hinar leigðu eignir ekki færðar til eignar.

g. Birgðir

Birgðir eru metnar á kostnaðarverði eða hreinu söluverði, hvoru sem lægra reynist. Hreint söluvirði er áætlað söluverð í að frádregnum áætluðum kostnaði við að selja vöru. Kostnaður við birgðir er byggður á "fyrst inn - fyrst út" reglunni við birgðamat og tekur til kostnaðar sem stofnað hefur verið til við kaup birgðanna og við að koma þeim á núverandi stað og ástand.

h. Virðisrýrnun

Bókfært verð eigna félagsins, annarra en birgða og skatteignar, er yfirfarið á hverjum uppgjörstigi til að meta hvort vísbending sé um virðisrýrnun. Ef slík vísbending er til staðar er endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar áætluð.

Virðisrýrnun er færð þegar bókfært verð eignar er hærra en endurheimtanlegt verð hennar. Virðisrýrnun er færð í rekstrarreikning.

Endurheimtanleg fjárhæð eigna er söluverð þeirra, að frádregnum sölukostnaði, eða nýtingarvirði, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er metið út frá væntu framtíðarfjárflæði, sem er núvirt með vöxtum sem endurspegla markaðsvexti og þá áhættu sem fylgir einstökum eignum.

Virðisrýrnun síðustu ára er metin á hverjum uppgjörstigi með tilliti til vísbendinga um það hvort virðisrýrnun hafi gengið til baka. Virðisrýrnun eigna er bakfærð ef breyting hefur átt sér stað á mati sem notað var við útreikning á endurheimtanlegri fjárhæð. Virðisrýrnun er aðeins bakfærð að því marki að bókfært virði eignarinnar verði ekki hærra en bókfært virði hennar hefði orðið hefði virðisrýrnun aldrei verið færð.

i. Hlunnindi starfsmanna

(i) Iðgjaldatengd lífeyriskerfi

Kostnaður vegna framlaga í iðgjaldatengd lífeyriskerfi er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann fellur til.

(ii) Réttindatengd lífeyriskerfi

Skuldbinding félagsins vegna réttindatengdra lífeyriskerfa er reiknuð sérstaklega fyrir hvert kerfi með því að áætla framtíðarvirði lífeyrisréttinda sem núverandi og fyrrverandi starfsmenn hafa áunnið sér á yfirstandandi og fyrri tímabilum. Réttindin eru afvöxtuð til að finna núvirði þeirra og er allur ófærður fyrri kostnaður og raunvirði eigna til greiðslu lífeyris dregin frá. Vextir umfram hækkun verðlags eru taldir 3,5% og hækkun launa umfram hækkun verðlags er metin 1,5% á ári til jafnaðar. Tryggingafræðingur reiknar skuldbindingu á grundvelli aðferðar sem miðast við áunnin réttindi. Breytingar á skuldbindingunni eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

Skýringar, frh.:

3. Mikilvægar reikningskilaaðferðir, frh.

j. *Skuldbindingar*

Skuldbinding er færð í efnahagsreikninginn þegar félaginu ber lagaleg skylda eða hefur tekið á sig skuldbindingu vegna fyrri atburðar og líklegt er að kostnaður lendi á því við að gera upp skuldbindinguna. Skuldbindingin er metin út frá væntu framtíðarfjárflæði, sem er núvirt með vöxtum sem endurspegla markaðsvexti og þá áhættu sem fylgir skuldbindingunni.

k. *Tekjur*

Tekjur af sölu á raforku og vatni ásamt orkuflutningi og dreifingu eru færðar í rekstrarreikning samkvæmt mældri afhendingu á tímabilinu. Aðrar tekjur eru færðar þegar til þeirra er unnið eða við afhendingu vöru eða þjónustu.

l. *Rekstrarleigugreiðslur*

Leigugreiðslur vegna rekstrarleigusamninga eru færðar í rekstrarreikning með línulegum hætti á leigutímanum.

m. *Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld*

Fjármunatekjur samanstanda af vaxtatekjum af fjárfestingum, arðstekjum, gengishagnaði af erlendum gjaldmiðlum, breytingum á gangvirði fjáreigna þar sem verðbreyting er færð í rekstrarreikning og hagnaði af afleiðum sem er færð í rekstrarreikning. Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning eftir því sem þær falla til og er miðað við virka vexti. Arðstekjur eru færðar í rekstrarreikning á þeim degi sem arðsúthlutun er samþykkt.

Fjármagnsgjöld samanstanda af vaxtakostnaði af lántökum, bakfærslu núvirðingar, gengistapi af erlendum gjaldmiðlum, virðisrýrnun fjáreigna og tapi af afleiðum sem eru færðar í rekstrarreikning. Vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikning eftir því sem þau falla til miðað við virka vexti. Lántökukostnaður er færður í rekstrarreikning miðað við virka vexti.

n. *Tekjuskattur*

Tekjuskattur á afkomu tímabilsins samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann tengist liðum sem eru færðir beint á eigið fé, en í þeim tilvikum er tekjuskatturinn færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður tekjuskattur sem greiða skal vegna skattskyldra tekna tímabilsins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörstegi og allar leiðréttingar á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður tekjuskattur er færður með notkun efnahagsaðferðarinnar vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikninginum annars vegar og samkvæmt skattverði þeirra hins vegar. Fjárhæð frestaðs tekjuskatts er byggð á áætlaðri innlausn eða uppgjöri bókfærðs verðs eigna og skulda, með því að beita gildandi skatthlutfalli á uppgjörstegi.

Skatteign er einungis færð að því marki sem líklegt er talið að hægt sé að nýta framtíðarhagnað á móti eigninni. Skatteignin er lækkuð að því marki sem talið er líklegt að hún nýtist ekki.

Skatteign sem myndast við upphaf skattskyldu félagsins er færð, á sama tíma, í rekstrarreikning sem tekjur tímabilsins.

Skýringar, frh.:

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

o. *Hagnaður á hlut*

Í árshlutareikningnum er sýndur grunnhagnður á hlut og þynntur hagnaður á hlut fyrir almenna hluti í félaginu. Grunnhagnaður á hlut er miðaður við hlutfall hagnaðar, sem ráðstafað er til hluthafa í félaginu, og vegins meðaltals hluta á árinu og sýnir hver hagnaðurinn er á hverja krónu hlutafjár. Þynntur hagnaður á hlut er ákvarðaður með því að leiðrétta fjölda virka hluta vegna mögulegrar þynningar vegna hluta sem gæti þurft að gefa út.

p. *Starfsþáttayfirlit*

Starfsþáttur er aðgreinanlegur hluti félagsins, bjóða skyldar vörur eða þjónustu (rekstrarstarfsþáttur) eða bjóða skyldar vörur eða þjónustu innan ákveðins efnahagssvæðis (landsvæðisstarfsþáttur) og er háður áhættu og ávinningi sem er ólík áhættu og ávinningi af öðrum starfsþáttum. Starfsþáttayfirlit félagsins er samkvæmt rekstrarstarfsþáttum.

q. *Reikningsskilastaðlar sem hafa ekki enn verið innleiddir*

IFRS 7 *Fjármálagerningar, framsetning* segir til um hvernig félag skuli upplýsa í skýringum um áhættuvarnir og fjármálagerninga. IFRS 7 gildir fyrir tímabil sem hefjast 1. janúar 2007.

IFRS 8 *Starfsþættir* segir til um hvernig félag skuli í reikningsskilum sínum gera grein fyrir upplýsingum er varða starfsþætti þess, vörur og þjónustu sem það selur, landfræðileg svæði þar sem það starfar og helstu viðskiptavinum þess. IFRS 8 gildir fyrir tímabil sem hefjast 1. janúar 2009 eða síðar.

IFRIC 11 *IFRS 2 Samstæða og viðskipti með eigin hlutabréf* segir til um hvernig skuli færa tiltekna tegundir af samningum um hlutabréfatengdar greiðslur í reikningsskilum félags og dótturfélaga þess. IFRIC 11 gildir fyrir tímabil sem hefjast 1. mars 2007 eða síðar og mun ekki hafa áhrif á reikningsskil félagsins.

IFRIC 12 *Þjónustusamningar einkafyrirtækja við hið opinbera* gildir fyrir uppgjörstímabil sem hefjast 1. janúar 2008 og síðar.

4. Ákvörðun gangvirðis

Nokkrar reikningsskilareglur og skýringar félagsins krefjast þess að gangvirði sé ákvarðað, bæði fyrir fjáreignir og fjárskuldir og aðrar eignir og skuldir. Gangvirði hefur verið ákvarðað vegna mats og/eða skýringa samkvæmt eftirfarandi aðferðum. Þar sem við á eru frekari upplýsingar um forsendur þær sem notaðar eru til að finna gangvirði eigna eða skulda í skýringum sem á við þá eign eða skuld.

a. *Varanlegir rekstrarfjármunir*

Gangvirði varanlegra rekstrarfjármuna sem yfirteknir eru við samruna miðast við markaðsverð. Markaðsverð fasteigna er sú fjárhæð sem unnt er að fá við sölu í viðskiptum milli ótengdra, viljugra og upplýstra aðila. Gangvirði annarra rekstrarfjármuna er byggt á markaðsverði sambærilegra eigna.

b. *Óefnislegar eignir*

Gangvirði óefnislegra eigna er byggt á núvirtu væntu greiðsluflæði af notkun þeirra.

c. *Fjárfestingar í hlutabréfum og skuldabréfum*

Gangvirði fjáreigna, þar sem gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning, er fundið með hliðsjón af markaðsverði þeirra á uppgjörstími.

Skýringar, frh.:

4. Akvörðun gangvirðis, frh.

d. Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Gangvirði viðskiptakrafna og annarra krafna er metið á núvirði vænts framtíðargreiðsluflæðis, sem afvaxtað er á markaðsvöxtum uppgjörsdags.

e. Afleiður

Gangvirði afleiða er byggt á skráðu markaðsvirði þeirra, ef til er. Ef markaðsverð er ekki til, er gangvirðið fundið með viðurkenndum matsaðferðum.

Matsaðferðir geta falið í sér að notast er við verð í nýlegum viðskiptum á milli ótengdra aðila. Tekið er mið af verðmæti annarra fjármálagerna sem eru áþekkir þeim gerningi sem um ræðir, stuðst við aðferðir til að meta núvirt fjárstreymi eða aðrar verðmatsaðferðir sem beita má til að meta með áreiðanlegum hætti raunverulegt markaðsverðmæti. Við beitingu matsaðferða eru allir þættir notaðir sem markaðsaðilar myndu nota við verðmat og aðferðirnar eru í samræmi við viðurkenndar aðferðir við að verðleggja fjármálagerna. Fyrirtækið sannreynir reglulega matsaðferðir sínar og prófar þær með því að nota verð sem fengist hafa í viðskiptum á virkum markaði með sama gerning, án aðlagana eða breytinga, eða byggja á upplýsingum frá virkum markaði.

f. Fjárskuldir sem ekki teljast afleiður

Gangvirði, sem ákvarðað er vegna skýringa, er reiknað núvirði framtíðarflæðis höfuðstóls og vaxta og er afvaxtað með markaðsvöxtum á uppgjörstegi.

5. Starfspáttayfirlit

Starfspáttayfirlit eru birtar eftir rekstrarsviðum félagsins samkvæmt skipulagi og innri upplýsingagjöf félagsins. Félagið birtir ekki starfspáttayfirlit eftir landsvæðum þar sem starfsemi félagsins er eingöngu á Íslandi.

Verð í viðskiptum milli starfspátta er ákveðið eins og í viðskiptum milli óskyldra aðila.

Rekstrarafkoma starfspátta, eignir og skuldir innifela liði sem heyra beint undir ákveðna starfspætti og þá liði sem hægt er að skipta milli starfspátta á rökrænan hátt. Óskiptir liðir samanstanda mestmegnis af tekjuskapandi eignum, lánnum og lántöku og tengdum kostnaði, auk skatteignar.

Skýringar, frh.

5. Starfsþáttayfirlit, frh.

Rekstrarstarfsþættir

	Framleiðsla	Raforku- sala	Raforku- dreifing	Heitt vatn - sala og dreifing	Ferskt vatn - sala og dreifing	Leiga og þjónusta	Jöfnunar- færslur	Samtals
1. janúar til 30. júní 2007								
Tekjur frá þriðja aðila	1.036.367	761.730	772.179	1.193.301	137.525	146.768	0	4.047.870
Innri sala	<u>566.265</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>(566.265)</u>	<u>0</u>
Tekjur starfsþátta	1.602.632	761.730	772.179	1.193.301	137.525	146.768	(566.265)	4.047.870
Afkoma starfsþátta, EBIT ..	683.222	(20.239)	180.424	690.800	45.495	104.636	0	1.684.338

1. janúar til 30. júní 2006

Tekjur frá þriðja aðila	273.651	735.851	763.447	722.383	114.523	72.575	0	2.682.430
Innri sala	<u>727.116</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>(727.116)</u>	<u>0</u>
Tekjur starfsþátta	1.000.767	735.851	763.447	722.383	114.523	72.575	(727.116)	2.682.430
Afkoma starfsþátta, EBIT ..	575.097	18.889	239.802	128.091	42.715	40.055	0	1.044.649

Innifalið í tekjum af sölu og dreifingu á heitu vatni á fyrri árshelmingi 2007 er 636 millj. kr. eingreiðsla frá Bandaríkjastjórn vegna uppsagnar á samningi um kaup á heitu vatni fyrir varnarliðið á Keflavíkurlflugvelli.

Skýringar, frh.:

6. Aðrar tekjur

<i>Aðrar tekjur greinast þannig:</i>	2007 1.1.-30.6.	2006 1.1.-30.6.
Eingreiðsla frá varnarliðinu	636.029	0
Söluhagnaður	0	12.436
Aðrar tekjur samtals	<u>636.029</u>	<u>12.436</u>

Í júní 2007 barst félaginu USD 10 millj. eingreiðsla frá Bandaríkjustjórn vegna uppsagnar á samningi um kaup á heitu vatni fyrir varnarliðið á Keflavíkurflugvelli, þar sem herstöðinni í Keflavík var lokað í október 2006.

7. Afskriftir

<i>Afskriftir greinast þannig:</i>		
Afskrift varanlegra rekstrarfjármuna, sbr. 10. skýringu	616.861	385.518
Afskrift óefnislegra eigna, sbr. 11. skýringu	9.625	9.956
Afskriftir færðar í rekstrarreikning	<u>626.486</u>	<u>395.474</u>

Afskriftir skiptast þannig í rekstrarreikningi:

Framleiðslukostnaður og kostnaðarverð sölu	604.045	370.982
Annar rekstrarkostnaður	22.441	24.492
Afskriftir færðar í rekstrarreikning	<u>626.486</u>	<u>395.474</u>

8. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

Vaxtatekjur	9.071	19.774
Gengishagnaður	1.635.669	0
Gangvirkisbreytingar innbyggðra afleiða í raforkusölusamningum	149.889	1.948.125
Fjármunatekjur samtals	<u>1.794.629</u>	<u>1.967.899</u>
Vaxtagjöld	226.876	363.283
Gengistap	0	1.574.405
Eignfærður fjármagnskostnaður	(13.683)	(403.280)
Fjármagnsgjöld samtals	<u>213.193</u>	<u>1.534.408</u>
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals	<u>1.581.436</u>	<u>433.491</u>

Hreinn fjármagnskostnaður vegna byggingar á orkuveri að fjárhæð 14 millj. kr., er eignfærður og hefur verið færður til lækkunar á fjármagnsgjöldum.

Skýringar, frh.:

9. Tekjuskattur

<i>Virkt skatthlutfall greinist þannig:</i>	2007		2006	
	1.1.-30.6.		1.1.-30.6.	
Hagnaður fyrir tekjuskatt	3.276.753		1.376.017	
Tekjuskattur samkvæmt gildandi skatthlutfalli	18,0%	(589.816)	18,0%	(247.683)
Óskattskyld starfsemi vatnsveitu	0,9%	30.817	(1,0%)	14.073
Áhrif hlutdeildarféлага	0,1%	1.976	1,3%	(18.382)
Virkur tekjuskattur	17,0%	(557.023)	18,3%	(251.992)

10. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Orkuver	Rafveitukerfi	Hitaveitu- og fersk- vatnskerfi	Aðrir rekstrar- fjármunir	Samtals
Heildarverð 1.1.2007	19.009.327	6.588.393	2.776.576	1.040.551	29.414.847
Afskrifað 1.1.2007	(1.974.017)	(1.000.094)	(634.654)	(249.683)	(3.858.448)
Bókfært verð 1.1.2007	17.035.310	5.588.299	2.141.922	790.868	25.556.400
Viðbætur á tímabilinu	1.238.282	331.955	246.726	20.055	1.837.018
Flutt af rafveitukerfum á orkuver	195.938	(195.938)	0	0	0
Afskrifað á tímabilinu	(393.939)	(124.608)	(75.694)	(22.620)	(616.861)
Bókfært verð 30.6.2007	18.075.591	5.599.708	2.312.954	788.303	26.776.556
Heildarverð 30.6.2007	20.443.547	6.724.410	3.023.302	1.060.606	31.251.865
Afskrifað alls 30.6.2007	(2.367.956)	(1.124.702)	(710.348)	(272.303)	(4.475.309)
Bókfært verð 30.6.2007	18.075.591	5.599.708	2.312.954	788.303	26.776.556

Rekstrarfjármunir í byggingu greinist þannig:

	Orkuver 6 Svartsengi
Heildarverð 1.1.2007	854.603
Viðbætur á tímabilinu	1.812.128
Heildarverð 30.6.2007	2.666.731

Skuldbindingar

Félagið hefur gert samninga um kaup á þjónustu og efni vegna byggingar orkuvers fyrir um 1.050 millj. kr. sem koma til greiðslu á næstu mánuðum.

Skýringar, frh.:

11. Óefnislegar eignir

<i>Óefnislegar eignir greinast þannig:</i>	Hugbúnaður	Þróunar- kostnaður	Samtals
Heildarverð 1.1.2007	224.392	817.064	1.041.456
Afskrifað 1.1.2007	(120.840)	0	(120.840)
Bókfært verð 1.1.2007	103.552	817.064	920.616
Viðbætur á tímabilinu	74	22.756	22.830
Afskrifað á tímabilinu	(9.625)	0	(9.625)
Bókfært verð 30.6.2007	94.001	839.820	933.821
Heildarverð 30.6.2007	224.466	839.820	1.064.286
Afskrifað alls 30.6.2007	(130.465)	0	(130.465)
Bókfært verð 30.6.2007	94.001	839.820	933.821

12. Hlutdeildarfélag

Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum greinast þannig:

	Eignar- hlutur	Bókfært verð 30.6.2007	Eignar- hlutur	Bókfært verð 31.12.2006
Bláa lónið hf.	33,8%	558.776	33,8%	379.166
DMM lausnir ehf.	27,5%	0	30,4%	0
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum samtals		558.776		379.166

13. Vaxtaberandi skuldir

Langtímaskuldir greinast þannig:

		30.6.2007		31.12.2006
Skuldir í erlendum gjaldmiðlum:	Meðalvextir	Eftirstöðvar	Meðalvextir	Eftirstöðvar
Skuldir í CHF	2,2%	3.512.110	1,6%	3.782.420
Skuldir í EUR	4,1%	2.949.717	3,7%	3.345.505
Skuldir í USD	5,3%	2.130.108	5,4%	2.484.959
Skuldir í JPY	0,6%	1.050.771	0,4%	1.286.251
Skuldir í GBP	5,2%	629.248	4,9%	724.328
Skuldir í SEK	4,3%	555.202	3,0%	638.584
Skuldir í CAD	4,5%	343.462	-	0
		11.170.618		12.262.047
Skuldir í íslenskum krónum:				
Verðtryggðar skuldir í ISK	7,5%	10.000	8,2%	200.995
Óverðtryggðar skuldir í ISK	13,3%	929.762	8,0%	101.823
		939.762		302.818
Vaxtaberandi skuldir samtals		12.110.380		12.564.865
Næsta árs afborganir		(1.053.270)		(459.166)
Vaxtaberandi skuldir í efnahagsreikningi samtals		11.057.110		12.105.699

Skýringar, frh.:

13. Vaxtaberandi skuldir, frh.

<i>Afborganir greinast þannig á næstu ár:</i>	30.6.2007
Árið 2007 / 2008	1.053.270
Árið 2008 / 2009	358.501
Árið 2009 / 2010	889.322
Árið 2010 / 2011	930.059
Árið 2011 / 2012	1.015.072
Síðar	7.864.156
Vaxtaberandi skuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborgun	<u>12.110.380</u>

Lánsloforð

Félagið hefur gert samning við Þróunarbanka Evrópu, CEB, um fjármögnun vegna framkvæmda við orkuver í Svartsengi. Heildarfjárhæð lánsloforðsins nemur allt að 20 millj. evra. Félagið hefur þegar nýtt sem svarar 17,5 millj. evra af loforðinu og er það lán fært meðal langtímaskulda í efnahagsreikningi.

14. Lífeyrisskuldbinding

Samkvæmt mati tryggingastærðfræðinga námu áfallnar lífeyrisskuldbindingar félagsins 1.015 millj. kr. í árslok 2006, núvirt miðað við 2% vexti, að teknu tilliti til hlutdeildar í hreinni eign lífeyrissjóðsins. Áætluð hækkun skuldbindingarinnar á fyrstu sex mánuðum ársins byggir á almennri hækkun launa á tímabilinu að teknu tilliti til vaxta.

Lífeyrisskuldbinding greinist þannig:

Lífeyrisskuldbinding 1.1.2007	1.016.017
Framlag vegna lífeyrisgreiðslna á tímabilinu	(29.738)
Hækkun á lífeyrisskuldbindingu á tímabilinu	<u>42.860</u>
Lífeyrisskuldbinding 30.6.2007	<u>1.029.139</u>

Lífeyrisskuldbinding greinist þannig eftir sjóðum:

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins	437.056
Eftirlaunasjóður starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar	358.183
Lífeyrissjóður starfsmanna Vestmannaeyjabæjar	<u>233.900</u>
Lífeyrisskuldbinding 30.6.2007	<u>1.029.139</u>

15. Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum

Félagið hefur gert raforkusölusamninga við Norðurál um afhendingu orku til ársins 2026. Félagið hefur einnig gert samninga við Landsvirkjun um sölu á orku til ársins 2019. Samningarnir eru gerðir í dollurum og eru að hluta tengdir álverði.

Með innleiðingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla þarf félagið að sýna áhrif innbyggðra afleiða í raforkusölusamningum sem það hefur gert. Samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum teljast innbyggðar afleiður vera afleiðusamningar sem eru hluti af öðrum samningum, en eru meðhöndlaðar sem aðskildir afleiðusamningar þegar hagræn einkenni og áhætta er ekki nátengd upprunalega samningnum. Félagið hefur skilgreint þann hluta raforkusölusamninga sem tengist álverði sem innbyggðar afleiðu. Af þeim sökum tekur gangvirði innbyggðra afleiða í raforkusölusamningum fyrirtækisins breytingum samhliða breytingum á álverði. Breyting á gangvirði samninganna færast í rekstrarreikning félagsins. Gangvirðisbreyting á innbyggðum afleiðum hefur takmörkuð áhrif á sjóðstreymi fyrirtækisins þar sem samningarnir eru til allt að 19 ára.

Skýringar, frh.:

15. Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum, frh.

Við mat á virði innbyggðra afleiða er beitt viðurkenndum matsaðferðum, þar sem markaðsverð liggur ekki fyrir. Gangvirði samninganna er reiknað út frá framvirku verði á áli og spám sérfræðinga. Vænt núvirði greiðsluflæðis á uppgjörssdegi er reiknað miðað við skráð framvirkt verð á áli hjá LME (London Metal Exchange) á uppgjörssdegi og væntinga um verðþróun á áli næstu 30 ár samkvæmt mati CRU eins og það liggur fyrir á uppgjörssdegi. Frá þessu virði hefur verið dregið vænt núvirði greiðsluflæðis samnings á uppgjörssdegi miðað við forsendur um álverð sem lágu til grundvallar samningsgerðinni. Mismunurinn er gangvirðisbreyting afleiðunnar sem færð er í rekstrarreikning. Gert er ráð fyrir að innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum séu verðlausar á upphafsdegi samninga.

Gangvirði innbyggðra afleiða sundurliðast þannig

	31.12.2006
Gangvirði innbyggðra afleiða 1.1.2006	1.008.300
Breyting á gangvirði á tímabilinu	1.948.125
Gangvirði innbyggðra afleiða 30.6.06	2.956.425
Gangvirði innbyggðra afleiða 1.1.07	2.830.888
Breyting á gangvirði á tímabilinu	149.889
Gangvirði innbyggðra afleiða 30.6.07	2.980.777

Félagið hefur að auki gert raforkusölusamninga við Landsvirkjun þar sem verð orku er háð gjaldskrá Landsvirkjunar, sem byggir á verðtryggingu í íslenskum krónum. Ekki eru skilgreindar innbyggðar afleiður í þessum samningum.

16. Áhættustýring

Vaxtaáhætta

Félagið hefur gert vaxtaskiptasamning sem miðar að því að lækka vaxtakostnað. Vaxtaskiptasamningar hafa dregið úr áhættu og lækkað fjármagnskostnað félagsins. Með vaxtaskiptasamningnum er láni í íslenskum krónum skipt út fyrir lán í erlendum myntum á lægri nafnvöxtum. Undirliggjandi fjárhæðir nema 2.824 millj. kr.

17. Atburðir eftir uppgjörssdag

Þann 3. ágúst 2007 seldi félagið raforkuflutningsvirki til Landsnets hf. fyrir 1.460 millj. kr. og nam söluhagnaður 505 millj. kr.

Félagið hefur gert raforkusölusamning við Norðurál um afhendingu orku vegna fyrirhugaðs álvers í Helguvík. Áætlað er að afhending orku hefjist á árinu 2010. Samningurinn er með þeim fyrirvörum að félagið verður ekki skuldbundið til afhendingar á orku nema að uppfylltum ákveðnum skilyrðum er lúta að árangri af virkjunum, leyfisveitingum og byggingu álversins. Vegna fyrirvara í samningnum eru áhrif hans ekki færð í árshlutareikninginn.

18. Tengdir aðilar

Skilgreining tengdra aðila

Hlutdeildarfélag, stjórnarmenn, stjórnendur og félög í þeirra í eigu teljast vera tengdir aðilar félagsins.

Viðskipti við hlutdeildarfélag

Félagið keypti þjónustu af hlutdeildarfélagum fyrir um 11 millj. kr. á tímabilinu.

Skýringar, frh.:

19. Yfirfærsla alþjóðlegra reikningsskilastaðla

Breytingar á reikningsskilaaðferðum til samræmis við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS).

Eins og tekið var fram í skýringu 2(a) um reikningsskilaaðferðir er þetta fyrsti árshlutareikningur félagsins samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum.

Árshlutareikningur félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2007 er gerður í samræmi við þær reikningsskilaaðferðir sem fjallað er um í skýringum um reikningsskilaaðferðir. Þetta á einnig við um samanburðarfjárhæðir fyrir árið 2006 og opnunarefnahagsreikning 1. janúar 2006, þar sem breytingar taka gildi þann dag, sem einnig er nefndur innleiðingardagur.

Fjárhæðum í opnunarefnahagsreikningi 1. janúar 2006 hefur verið breytt í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, en voru áður birtar í samræmi við íslensk lög og reikningsskilavenjur. Meðfylgjandi töflur og skýringar sýna hvaða áhrif yfirfærsla frá íslenskum reikningsskilavenjum yfir í alþjóðlega reikningsskilastaðla hefur haft á fjárhagsstöðu félagsins og afkomu. Ekki er um að ræða verulegar breytingar á sjóðstreymi félagsins samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum samanborið við hvernig það var áður samkvæmt íslenskum reikningsskilavenjum.

Breytingar á eigin fé frá fyrri reikningsskilaaðferðum til alþjóðlegra reikningsskilastaðla:

	Eigið fé
Eigið fé samkvæmt íslenskum reikningsskilavenjum 31. desember 2006	15.695.018
Eigið fé samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum 1. janúar 2007	17.887.323
Breytingar frá fyrri reikningsskilaaðferðum yfir í alþjóðlega reikningsskilastaðla	<u>2.192.305</u>

Breytingar í byrjun árs 2006:

Gangvirði afleiðusamninga	IAS 39	1.008.300
Óefnislegar eignir	IAS 38 (29.889)
Eignarhlutir í hlutdeildarfélagum	IAS 28 (13.399)
Breytingar vegna alþjóðlegra reikningsskilastaðla 1. janúar 2006 samtals		<u>965.012</u>

Breytingar á hagnaði ársins 2006:

Gangvirði afleiðusamninga	IAS 39	1.822.588
Afskriftir óefnislegra eigna	IAS 38	4.666
Arður frá hlutdeildarfélagi	IAS 28 (21.476)
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага	IAS 28 (92.533)
Tekjuskattur við upphaf skattskyldu, áhrif vegna leiðréttinga 1. janúar 2006	IAS 12 (173.702)
Tekjuskattsáhrif	IAS 12 (312.250)
Breytingar vegna alþjóðlegra reikningsskilastaðla á árinu 2006 samtals		<u>1.227.293</u>

Breytingar frá fyrri reikningsskilaaðferðum yfir í alþjóðlega reikningsskilastaðla

2.192.305

Heildaráhrif yfirfærslu í alþjóðlega reikningsskilastaðla á eigið fé er hækkun um 2.192 millj. kr. Hér á eftir er gerð grein fyrir áhrifum þessara nýju reikningsskilaaðferða á rekstrarreikning og efnahagsreikning.

Afleiðusamningar

Í samræmi við IAS 39 hefur félagið fært innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum á gangvirði og leiddi það til hækkunar á eigin fé um 2.831 millj. kr.

Hlutdeildarfélag

Eignarhlutir í hlutdeildarfélagum eru færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð en voru áður færðir á kostnaðarverði. Þessi breyting lækkar bókfært eigið fé í árslok 2006 um 127 millj. kr.

Skýringar, frh.:

19. Yfirlýsing alþjóðlegra reikningsskilastaðla, frh.

Óefnislegar eignir

Við innleiðingu IFRS var aðferðum við eignfærslu rannsóknakostnaðar breytt til samræmis við IAS 38. Rannsóknarkostnaður er nú gjaldfærður þegar hann fellur til. Þessi breyting hefur þau áhrif að eigið fé lækkar um 25 millj. kr. í árslok 2006.

Óefnislegar eignir

Flokkun á þróunarkostnaði var breytt til samræmis við IAS 38. Þessi breyting hefur þau áhrif að rekstrarfjármunir lækka um 920 millj. kr. og óefnislegar eignir hækka um 920 millj. kr.

Tekjuskattur

Heildaráhrif vegna innleiðingar IFRS á tekjuskatt eru þau að eigið fé lækkar um 486 millj. kr. í árslok 2006.

Breytingar frá fyrri reikningsskilaaðferðum yfir í alþjóðlega reikningsskilastaðla

Meðfylgjandi töflur sýna áhrif yfirlýsingunnar í alþjóðlegu reikningsskilastaðlana, greint eftir breytingu á mati og framsetningu.

Rekstrarreikningur 1. janúar til 30. júní 2006, breyting frá fyrri reikningsskilaaðferðum í IFRS

Fyrri reikningsskilaaðferðir		Breyting á		Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar	
		Mats- breyting	fram- setningu		
Raforkusala	1.692.710	0	977.284	2.669.994	Rekstrartekjur
Hitavatnssala	688.752	(688.752)		0	
Ferskvatnssala	103.876	(103.876)		0	
		(1.423.195)	(1.423.195)		Framleiðslukostnaður
Aðrar tekjur	184.656	(172.220)		12.436	Aðrar tekjur
Rekstur orkuvera	(171.287)		171.287	0	
Rekstur rafveitukerfa	(118.533)		118.533	0	
Raforkukaup og -flutningur ...	(669.274)		669.274	0	
Rekstur hitaveitukerfa	(69.370)		69.370	0	
Rekstur ferskvatnskerfa	(23.749)		23.749	0	
Sameiginlegur kostnaður	(177.658)	(36.928)	(214.586)		Annar rekstrarkostnaður
Afskriftir	(397.239)	1.765	395.474	0	
		1.926.649	41.250	1.967.899	Fjármunatekjur
Hrein fjármagnsgjöld	(1.493.158)	(41.250)	(1.534.408)		Fjármagnsgjöld
		(102.123)	(102.123)		Áhrif hlutdeildarfélaganna
Tekjuskattur við upphaf skattskyldu	1.417.693	(173.702)		1.243.991	Tekjuskattur við upphaf skattskyldu
Tekjuskattur ársins	98.988	(350.980)		(251.992)	Tekjuskattur
Hagnaður tímabilsins	1.066.407	1.301.609	0	2.368.016	Hagnaður tímabilsins

Skýringar, frh.:

19. Yfirlýsing alþjóðlegra reikningsskilastaðla, frh.

Rekstrarreikningur árið 2006, breyting frá fyrri reikningsskilaaðferðum í IFRS

Fyrri reikningsskilaaðferðir	Mats- breyting	Breyting á fram- setningu	Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar	
Raforkusala	4.090.899	1.925.861	6.016.760	Rekstrartekjur
Hitavatnssala	1.286.948	(1.286.948)	0	
Ferskvatnssala	206.555	(206.555)	0	
Aðrar tekjur	447.006	(432.358)	14.648	Framleiðslukostnaður
Rekstur orkuvera	(592.473)	592.473	0	Aðrar tekjur
Rekstur rafveitukerfa	(329.345)	329.345	0	
Raforkukaup og -flutningur	(1.176.708)	1.176.708	0	
Rekstur hitaveitukerfa	(200.659)	200.659	0	
Rekstur ferskvatnskerfa	(58.826)	58.826	0	
Sameiginlegur kostnaður	(494.842)	(49.548)	(544.390)	Annar rekstrarkostnaður
Afskriftir	(996.033)	4.666	991.367	0
Fjármunatekjur	465.212	1.801.112	2.266.324	Fjármunatekjur
Fjármagnsgjöld	(1.538.825)		(1.538.825)	Fjármagnsgjöld
		(92.533)	(92.533)	Áhrif hlutdeildarféлага
Tekjuskattur við upphaf skattskyldu	1.418.304	(173.702)	1.244.602	Tekjuskattur við upphaf skattskyldu
Tekjuskattur ársins	(183.446)	(312.250)	(495.696)	Tekjuskattur
Hagnaður ársins	2.343.767	1.227.293	0	3.571.060 Hagnaður ársins

Skýringar, frh.:

19. Yfirfærsla alþjóðlegra reikningsskilastaðla, frh.

Efnahagsreikningur 31. desember 2006, breyting frá fyrri reikningsskilaaðferðum í alþjóðlega reikningsskilastaðla

		Breyting á			
		Mats- breyting	fram- setningu		Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar 1. janúar 2007
Fastafjármunir					Fastafjármunir
Rekstrarfjármunir	25.659.952		(103.552)	25.556.400	Rekstrarfjármunir
Rekstrarfjármunir í byggingu .	1.671.667		(817.064)	854.603	Rekstrarfjármunir í byggingu
Óefnislegar eignir	25.223	(25.223)	920.616	920.616	Óefnislegar eignir
Eignarhlutir í					Eignarhlutir í
hlutdeildarfélögum	506.574	(127.408)		379.166	hlutdeildarfélögum
Eignarhlutir í öðrum félögum .	26.098			26.098	Eignarhlutir í öðrum félögum
Skatteign	1.234.858	(485.952)		748.906	Skatteign
Fastafjármunir samtals	29.124.372	(638.583)	0	28.485.789	Fastafjármunir samtals
Veltufjármunir					Veltufjármunir
Birgðir	397.685			397.685	Birgðir
Viðskiptakröfur	994.203			994.203	Viðskiptakröfur
Aðrar skammtímakröfur	127.331			127.331	Aðrar skammtímakröfur
		2.830.888		2.830.888	Afleiðusamningar
Handbært fé	55.956			55.956	Handbært fé
Veltufjármunir samtals	1.575.175	2.830.888	0	4.406.063	Veltufjármunir samtals
Eignir samtals	30.699.547	2.192.305	0	32.891.852	Eignir samtals
Eigið fé og skuldir					
Eigið fé					Eigið fé
Hlutfé	7.454.816			7.454.816	Hlutfé
Lögbundinn varasjóður	1.863.704			1.863.704	Lögbundinn varasjóður
Óráðstafað eigið fé	6.376.498	2.192.305		8.568.803	Óráðstafað eigið fé
Eigið fé samtals	15.695.018	2.192.305	0	17.887.323	Eigið fé samtals
Skuldir					Skuldir
Vaxtaberandi skuldir	12.105.699			12.105.699	Vaxtaberandi skuldir
Lífeyrisskuldbinding	1.016.017			1.016.017	Lífeyrisskuldbinding
Langtímaskuldir samtals	13.121.716	0	0	13.121.716	Langtímaskuldir samtals
Vaxtaberandi skuldir	459.166			459.166	Vaxtaberandi skuldir
Viðskiptaskuldir	808.284			808.284	Viðskiptaskuldir
Aðrar skammtímaskuldir	615.363			615.363	Aðrar skammtímaskuldir
Skammtímaskuldir samtals	1.882.813	0	0	1.882.813	Skammtímaskuldir samtals
Skuldir og eigið fé samtals	30.699.547	2.192.305	0	32.891.852	Skuldir og eigið fé samtals